

# Þróunarsjóður grunnskóla í Garðabæ

Lokaskýrsla verkefnis 2023 - 2024

## Rytmaþjálfun og hljóðkerfisvitund

### Inngangur

Í nútíma skólasamfélagi er lagt upp með fjölbreyttar kennsluaðferðir í lestrarkennslu og er mikil áhersla lögð á að efla hljóðkerfisvitund þeirra nemenda sem eiga í erfiðleikum með að tileinka sér lestur. Þróunarverkefnið Rytmaþjálfun og hljóðkerfisvitund fór af stað með það að markmiði að styrkja almenna hljóðskynjun og efla þannig heyrnraðt næmni barna í 1. bekk í Sjáalandsskóla. Verkefnið byggir á niðurstöðum rannsókna sem sýna tengsl þessara þátta og fannst okkur því áhugavert að fara af stað með rytmaþjálfun með það að markmiði að efla færni nemenda til þess að skynja málhljóð og styrkja þannig færni þeirra til lestrarnáms. Með þessari nálgun buðum við einnig upp á nýjar leiðir í undirbúningi fyrir lestrarnám og samþættingu námsgreina innan skólans.

### Markmið /verkefnið í hnottskurn:

Markmið verkefnisins var að bjóða nemendum 1. bekkjar upp á fleiri tíma í þjálfun sem snýr að almennri hljóðskynjun og minnka með því líkur á lestrarerfiðleikum. Lagt var upp með nýja nálgun sem fólst í því að styrkja rytmaskyn barna í gegnum rytma- og söngþjálfun. Nýlegar rannsóknir hafa sýnt að tónlistarþjálfun stækkar töluvert virka svæði heilans sem skynjar hljóð, hvort sem um er að ræða tónlist eða málhljóð. Markmiðið var því að reyna að efla heyrnraðt næmi barna sem gerir þau betri í að skynja málhljóð. Skynjunarvandi einkennir gjarnan börn með lestrarvanda þar sem mikilvægur undirbúningur fyrir lestrarnám er í málskynjuninni. Einnig var þess gætt að huga sérstaklega að þeim nemendum sem sýna veikleika í stafaminni eða hafa slaka hljóðkerfisvitund og lélegt rytmaskyn.

### Undirbúningur og samstarf

Þegar þáttakendur voru búnir að leggja línurnar um það hvernig framkvæma ætti verkefnið, átti sér stað ákveðin þriggja þátta verkaskipting. Í fyrsta lagi þá varð að undirbúa kennsluefni fyrir rytma- og söngþjálfunina ásamt því að framkvæma kennsluna. Í öðru lagi varð að skipuleggja og velja matstæki ásamt því að leggja þau fyrir og halda utan um niðurstöður. Í þriðja lagi varð að skipta nemendum á milli hópa og aðlaga rytmatímana að því sem var að gerast á heimasvæði 1. bekkjar. Á meðan á framkvæmd þróunarverkefnisins stóð samræmdust þáttakendur reglulega um breytingar.

Umsjónarkennrarar 1. bekkjar skiptu bekknum í þrjá hópa þar sem hópunum var getuskipt og fengu þau sem voru með lægri lestrartölur að ganga fyrir ef ekki var hægt að hafa alla hópana sem var sjaldan. Lagt var upp með í byrjun að nemendur fóru tvívar sinnum í viku í íslensku tínum en síðan var ákveðið að breyta aðeins til og þá var það einu sinni í viku í íslensku tíma og einu sinni í viku í stærðfræði tíma það nýttist mun betur þar sem kennrarar gátu sinnt betur stærðfræðikennslunni með færri nemendur á staðnum.

Nemendurnir voru afar ánægð með þessa tilhögun og uppbrot í kennslu kölluðu þeir þessa tíma Litla tónmennt, þeir komu alltaf glaðir til baka.

### Lýsing á framgangi verkefnisins:

Eins og áður segir var nemendahópnum, 24 nemendum, skipt í þrjá hópa af umsjónarkennara 1. bekkjar. Raðað var í hópana eftir stöðu nemenda, byggt á athugun á hljóðkerfisvitund og stafakönnun. Hóparnir voru misstórir og var reynt að hafa slakasta hópinn fámennastann til að þeir einstaklingar fengju meiri aðstoð kennara en þeir sem stóðu betur. Verkefninu voru ætlaðar 65 mínútur tvívar sinnum í viku sem skiptust niður á hópana þrjá. Hver hópur fékk því rytmaþjálfun tvívar sinnum í c.a. 20 mínútur á viku.

Tónmenntakennari sá um að útbúa námsefni og kennsluáætlanir fyrir tímana. Námsefnið snerist um að vinna á fjölbreyttan hátt með rytma og má með grófri skiptingu, skipta rytmaþjálfuninni í fernt.

1. Rytmi í texta. Unnið var með orð og atkvæði þeirra, t.d. með því að klappa nafnið sitt eða stuttar setningar vinna með þulur með áherslu á hrym þeirra og spuni þar sem leikið var með tungumálið og tengsl þess við rytma.
2. Hreyfisöngvar. Söngvar með hreyfingum t.d. klappi, stappi og þess háttar, gjarnan þannig að nemendur þurftu að vinna saman í hreyfingunum, t.d. gefa fimmu, krækja saman höndum og fleira.
3. Líkamsrytmi (kroppaklapp). Oftar þegar til stóð að vinna með rytma á hljóðfæri voru þeir taktar sem átti að leika á hljóðfærin kenndir fyrst með orðum en síðan þjálfaðir með líkamanum, t.d. klappi, smella fingrum, stappa o.s.frv. Reynt var að hafa hljóðin fjölbreytt og ólík þannig að hægt væri að skipta hópnum í minni hópa og þjálfa nokra takta á sama tíma og hlusta eftir hvernig þeir blandast saman og búa til nýjan rytma.
4. Hljóðfæraleykur. Taktar og stutt stef leikin á skólahljóðfæri.

Nokkrum sinnum yfir veturninn var metið hversu vel nemendum gekk að leika eða klappa mismunandi rytma. Í hvert skipti voru nemendur beðnir að endurtaka eða svara rytma með ákveðnum hætti. Notaðar voru videóupptökur til að meta gengi hvers nemanda. Í lok vetrar voru niðurstöður rytmamatsins bornar saman við það námsmat sem sérkennari lagði fyrir hópinn.

### Framkvæmd á verkefninu

Segja má að almennt hafi náðst að fylgja skipulagi á framkvæmd verkefnisins. Í upphafi skólaárs hófst undirbúningsvinnan. Rýnt var í rannsóknir, rætt við Dr. Helgu Rut Guðmundsdóttur ráðgefandi sérfræðing og valdar þekktar aðferðir í rytma og söng þjálfun ungra barna. Farið yfir fyrirliggjandi gögn frá leikskólum um stöðu nemenda, lögð fyrir athugun á hljóðkerfisvitund ásamt stafakönnun og nemendum skipt upp í hópa. Á fræðslufundi fyrir foreldra á fyrstu vikum skólaársins var verkefnið kynnt og rytmaþjálfun hófst. Námsefni var búið til jafnt og þétt yfir veturninn sem tók mið af stöðu nemenda það að leiðarljósi að viðfangsefnin væru þannig að þau nýttust nemendum með mismikla færni og að hægur stígandi væri í þyngd verkefna. Yfir veturninn voru reglulega lögð fyrir ýmis matstæki á færni nemenda og skipt í hópa í samræmi við námslegar þarfir. Í maí var Hljóðfærni lögð fyrir nemendur ásamt lestrarprófi frá MMS. Rýnt í niðurstöður og metið hvort verkefnið hafi skilað tilætluðum árangri. Lokaskýrsla unnin.

### Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun: hér þarf eitthvað fleira að koma fram.

Þegar rýnt er í frávik frá upphaflegri áætlun þá má sjá að með reglubundnum mælingum og vangaveltum voru teknar nokkrar ákvarðanir um breytingar. Eitt af því sem að tók nýja stefnu

var samanburður á gögnum. Við bættum inn nokkrum mælingum eins og Hljóm, Lesskimun MMS, Hljóðfærni og tvö auka lestrarpróf til að auðvelda okkur mat og færslu á milli hópa. Einnig var því breytt að ekki voru einungis notaðir íslenskutímar heldur fóru nemendur úr stærðfræditínum sem hentaði einnig vel því þá voru færri nemendur á heimasvæðinu.

### **Árangur verkefnis (afrákstur, ávinnungur fyrir skólastarf, framhald verkefnis, óvæntar hliðarverkanir, vonbrigði o.s.frv.):**

Þegar horft er til árangurs verkefnisins þá sýndu niðurstöður okkur það að verkefnið skilaði tilætluðum árangri. Í ljós kom að nemendur sem voru að greinast með áhættuþætti í byrjun skólaárs voru ýmist að greinast án eða með mun færri áhættuþætti í lok skólaárs. Þegar rýnt var í niðurstöður úr Hljóðfærni kom í ljós að okkur tókst að fjölga þeim nemendum sem voru innan meðaltals normaldreifðar mælitölu serm er 50 % nemenda yfir í 63,6 %. Það sem var ekki síður áhugavert var að tímarnir gögnuðust ekki síst þeim nemendum sem voru með væga erfiðleika í byrjun skólaárs þar sem sá hópur var komin á flug í lestri í lok skólaárs og stóð sig vel í Hljóðfærni.

Við teljum það því raunhæfan kost að leggja metnað í að auka tíma fyrstu bekkinga í tónmennt þar sem farið er í markvissa rytma- og söngbjálfun. Frá okkar bæjardyrum séð erum við með tæki/aðferð í höndunum sem er að styrkja hljóðskynjun og rytmaskyn barna og efla færni þeirra á þeim aldri sem þau eru flest að hefja lestrarnám. Ánægja nemenda hefur mikil vægi því ekki má gleyma því að þeir sem eiga í lestrarerfiðleikum fá stundum neikvæða upplifun af bjálfun.

Þó svo að meginmarkmið þróunarverkefnisins hafi verið að efla hljóðkerfisvitund nemenda er full ástæða til að horfa líka til tónlistarlegra þáttu á borð við rytmaskynjun og getu til að syngja, tala í ákveðnum takti og spila rytma. Myndbandsupptökur sem gerðar voru sem námsmat í rytmajálfuninni sýndu fram á framfarir allra nemenda sem má ætla að nýtist þeim í tónlistariðkun í framtíðinni, hvort sem það sé í námi í tónmennt, tónlistarskólum eða í tónlistariðkun utan hefðbundins náms.

### **Afurðir verkefnisins**

Afurð verkefnisins liggur fyrst og fremst í því að við höfum nú séð að það sé raunhæft að halda úti skólastarfi þar sem rytma- og söngbjálfun fær fasta tíma í töflu hjá 1. bekk. Þessi nýja leið til bjálfunar sem erlendar rannsóknir hafa sýnt að geti haft mikil áhrif á heilaþroska barna er góð viðbót við fyrri aðferðir sem notaðar hafa verið til að efla hljóðkerfisvitund nemenda hér á landi. Þar sem niðurstöður reyndust jákvæðar er hugsanlegt að aðferðir þessar megi nýta í öðrum grunnskólum bæjarins sem og í leikskólum.

### **Uppgjör kostnaður**

**Heildarupphæð styrks: 1.365.000 kr.**

### **Sundurliðun á ráðstöfun styrksins:**

Dagsetning	Kostnaðarliður	Upphæð
	<b>Helga Rut Guðmundsdóttir</b> Ráðgjöf og önnur sérfræðiaðstoð <b>14 tímar</b>	<b>105.000</b>
	<b>Ingunn Þóra Hallsdóttir</b> Undirbúnings og matsfundir	<b>255.000</b>

	Námskeið Mat Skýrslugerð Kynning á mennta dögum <b>samtals 34 tímar</b>	
	<b>Svanhildur M. Ingvarsdóttir</b> Undirbúnings og matsfundir Skýrslugerð Kynning á mennta dögum <b>samtals 14 tímar</b>	<b>105.000</b>
	<b>Ólafur Schram</b> Lestur á rannsóknum Viðtöl við dr. Helgu Rut Guðmundsdóttur og Björgu Þórssdóttur Námsefnisgerð Undirbúnings og matsfundir Mat og greining á myndbandsupptökum Skýrslugerð Kynning á mennta dögum <b>samtals 120 tímar</b>	<b>900.000</b>

Atriði sem við þurfum að setja inn í kostnaðarliðinn:

- Undirbúningur - lestu fyrri rannsókna og þessháttar
- Fundir (þetta á líka við um fundi sem haldnir voru yfir veturinn því allt slíkt er viðbótar vinna fyrir okkur og á því ekki að teljast til funda eins og annað samráð)
- Námsefnisgerð
- Sérfræðiaðstoð (Helga Rut)
- Námsmat
- Úrvinnsla og skýrslugerð

### Lokaorð

Þegar þróunarverkefnið var kynnt fyrir foreldrum 1. bekkinga haustið 2023 sögðum við í hálfgerðu gríni að við hefðum enga tryggingu fyrir því að verkefnið skilaði nemendum betri árangri í lestri og hljóðkerfisvitund en það versta sem gæti gerst væri að krakkarnir fengju óvenju mikla tónmenntakennslu. Það hefði í raun alltaf verið ágætis útkoma.

Þróunarverkefnið var eins og orðið ber með sér, þróunarverkefni, ekki rannsókn og því ekki vísindalegar beinharðar niðurstöður sem hægt er að sýna og segja að verkefnið eitt og sér hafi skilað nemendum betri hljóðkerfisvitund og þ.a.l. bættum árangri í lestri. Við höfum hinsvegar kappkostað að vinna á eins vísindalegan hátt og kostur er með því að styðjast við stöðluð gögn sem gefa a.m.k. sterkar vísabendingar um góðan árangur verkefnisins. Þó ber að hafa í huga að rytmabjálfunin var einungis viðbót við þá lestrarkennslu sem þegar er til staðar í skólanum og því um samverkandi þætti að ræða sem skapa árangurinn.

Við teljum í ljósi alls þessa að ástæða sé til að halda áfram með rytmabjálfun í 1. bekk. Þar að auki væri áhugavert að kynna verkefnið öðrum skólum bæjarins og einnig að skoða möguleikann á að vinna sambærilegt verkefni með leikskólahóp Sjálandsskóla því erlendar rannsóknir hafa sýnt að rytmabjálfun hefur ekki síður jákvæð áhrif á yngri nemendur.

4.12.24 Ólafur Schram

dags. nafn verkefnisstjóra

4.12.24. Sæselja Þóra Gunnarsdóttir

dags. nafn skólastjóra ábyrgðarskóla

### Viðauki

(Hér er hægt að setja myndir, áætlun, tímaplan o.s.frv)



